

ÁRSSKIL

Skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2012

Peir aðilar sem skráðir eru í ársskil á virðisaukaskattsskrá eiga þann **5. febrúar** nk. að skila virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjörs á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið janúar-desember 2012. Henni ber að skila eigi síðar en á gjalddaga.

Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið á árinu (núllskýrsla). Sé virðisaukaskattsskýrslu eigi skilað á réttum tíma mun ríkisskattstjóri áætla virðisaukaskatt aðila. Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að aðili hefur sætt áætlun skal ríkisskattstjóri leggja á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma.

Vakin er athygli á því að skila skal virðisaukaskattsskýrslu ásamt greiðslu rafrænt. Sótt er um rafræn skil á þjónustuvef ríkisskattstjóra www.skattur.is. Ríkisskattstjóri getur veitt heimild til eins árs í senn til þess að skila virðisaukaskattsskýrslu á pappír ef gjaldar ástæður eru fyrir hendi og metur hann í hverju tilviki fyrir sig hvað telja skuli gjaldar ástæður í þessu sambandi.

Inneignarskýrslum virðisaukaskatts skal fylgja:

- 1) afrit af ársreikningi 2012
- 2) eða hreyfingarlisti inn- og útskatts 2012
- 3) eða ljósrit af bókhaldshefti 2012

Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast við því að ríkisskattstjóri vísi skýrslu frá og áætlí virðisaukaskatt.

Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26)

Henni skal skila ef leiðréttá þarf áður innsenda virðisaukaskattsskýrslu eða ef breyting verður á forsendu ársskila. Leiðréttingarskýrslu ber að skila til sýslumanns eða tollstjórans í Reykjavík ásamt greiðslu, nema um inneign sé að ræða, þá til ríkisskattstjóra.

Ef skattskyld velta ársins 2012 var meiri en 3.000.000 kr. þá er forsenda fyrir skilum einnar skýrslu fyrir allt árið brostin. Ber þá að fylla út leiðréttingarskýrslu og skipta veltu, útskatti og innskatti, niður á tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins. Virðisaukaskattur ársins, tilfallinn fyrir og á því tveggja mánaða uppgjörstímabili sem var að líða þegar velta náði 3.000.000 kr., féll í gjalddaga einum mánuði og fimm dögum eftir lok þess uppgjörstímabils. Jafnframt bar að gera upp fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörs tímabil eftir þann tíma. Því getur komið til álagsútreiknings (sjá um hann á bakhlið leiðréttingarskýrslunnar).

Ef skattskyld velta á árinu 2012 fór yfir 3.000.0000 kr. skal gera upp virðisaukaskatt fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil á árinu 2013.

Þó svo velta aðila sé undir 3.000.000 kr. skal hann ekki færast í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru kr. 150.000 eða hærri á mánuði.

Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á rsk.is. Einnig er vakin athygli á orðsendingu vegna virðisaukaskatts nr. 1/2013 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

Nánari upplýsingar og gögn er að finna á rsk.is, hjá ríkisskattstjóra (sími 442-1000) og skattstofum um land allt.